

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2001/105/EB

2003/EES/6/22

frá 19. desember 2001

**um breytingu á tilskipun ráðsins 94/57/EB um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaefirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda(\*)**

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(4)</sup>, á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 13. nóvember 2001,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Auka má öryggi og mengunarvarnir á hafi úti með viðeigandi og lögboðinni framkvæmd tiltekinna, gildandi alþjóðasamninga af hálfu fánaríkjanna.
- 2) Með tilskipun ráðsins 94/57/EB <sup>(5)</sup> var komið á fót kerfi til að viðurkenna stofnanir sem má, í samræmi við alþjóðasamninga, heimila að vissu marki að sjá um skoðun skipa og útgáfu viðeigandi öryggis-skirteina fyrir hönd aðildarríkjanna.
- 3) Eiginleg framkvæmd þeirrar tilskipunar leiddi í ljós að með einhverjum breytingum á viðurkenningu stofnana í bandalaginu öllu hefði hugsanlega mátt stuðla verulega að styrkingu framangreinds kerfis en jafnframt að einföldun þeirra kvaða sem lagðar eru á aðildarríkin um eftirlit og skýrslugjöf.
- 4) Eftir samþykkt tilskipunar 94/57/EB hafa ýmsir atburðir í framvindu viðkomandi löggjafar, bæði á vettvangi bandalagsins og á alþjóðavettvangi, orðið til þess að frekari breytinga á tilskipun 94/57/EB er þörf.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 19, 22.1.2002, bls. 9, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2002 frá 31. maí 2002 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 44, 5.9.2002, bls. 12.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 212 E, 25.7.2000, bls. 114 og Stjtið. EB C 154 E, 29.5.2001, bls. 51.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 14, 16.1.2001, bls. 22.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 22, 24.1.2001, bls. 19.

<sup>(4)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 30. nóvember 2000 (Stjtið. EB C 228, 13.8.2001, bls. 150), sameiginleg afstaða ráðsins frá 26. febrúar 2001 (Stjtið. EB C 101, 30.3.2001, bls. 1), og ákvörðun Evrópuþingsins frá 16. maí 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 24. október 2001 og ákvörðun ráðsins frá 6. desember 2001.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 319, 12.12.1994, bls. 20. Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/58/EB (Stjtið. EB L 274, 7.10.1997, bls. 8).

- 5) Einkum er rétt, að því er varðar tilskipun 94/57/EB, að beita ákvæðum um breytingar við alþjóðasamningana sem og bókunum og tengdum, bindandi reglum, sem um getur í d-lið 2. gr. tilskipunar 94/57/EB og gengu í gildi eftir samþykkt þeirrar tilskipunar, og viðeigandi ályktunum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO).
- 6) Þing Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar samþykkti 27. nóvember 1997, með ályktun A.847(20), viðmiðunarreglur um aðstoð við fánaríki við framkvæmd löggjeringa Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, í því skyni að stuðla að skilvirkri framkvæmd á skuldbindingum fánaríkja sem mælt er fyrir um í alþjóðasamningum.
- 7) Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkti með ályktun þingsins A.741(18) frá 4. nóvember 1993 alþjóðareglur um öryggisstjórnun (ISM) en þær urðu lögboðnar við tilkomu hins nýja IX. kafla alþjóðasamningsins um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS).
- 8) Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkti 23. nóvember 1995, með ályktun A.788(19), viðmiðunarreglur fyrir siglingamálayfirvöld um beitingu ISM-reglnanna í því skyni að tryggja samræmda framkvæmd þeirra.
- 9) Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkti 4. nóvember 1993 ályktun A.746(18) um viðmiðunarreglur varðandi skoðun samkvæmt samræmdu skoðunar- og vottunarkerfi í því skyni að samræma lögboðnar skoðanir og eftirlit sem fánaríki ber að framkvæma samkvæmt alþjóðasamningum.
- 10) Góð frammistaða stofnunar, að því er varðar öryggisráðstafanir og mengunarvarnir, — metin með tilliti til allra skipa sem stofnunin hefur flokkað, óháð því undir hvaða fána þau sigla — er mikilvæg vísbending um árangur stofnunarinnar og því nauðsynleg forsenda fyrir veitingu upphaflegrar viðurkenningar og fyrir áframhaldandi viðurkenningu.
- 11) Til að unnt sé að veita stofnunum sem sækjast eftir heimild til að starfa fyrir hönd aðildarríkjanna upphaflegu viðurkenninguna getur framkvæmdastjórnin, ásamt aðildarríkjunum sem farið hafa fram á viðurkenninguna, betur metið með samræmdri aðferð og á einum stað hvort farið hafi verið að ákvæðum tilskipunar 94/57/EB.

- 12) Eins má með meiri árangri hafa stöðugt eftirlit með viðurkenndum stofnunum til að meta eftir á hvort farið sé að ákvæðum tilskipunar 94/57/EB ef að því er staðið á samræmdan hátt og á einum stað. Því er við hæfi að framkvæmdastjórninni verði, ásamt aðildarríkinu sem fer fram á viðurkenninguna, falið þetta verkefni fyrir hönd bandalagsins í heild.
- 13) Auk heimildar aðildarríkjanna til að svipta stofnun, sem starfar á þeirra vegum, viðurkenningu skal hliðstæð heimild vera fyrir hendi á vettvangi bandalagsins þannig að framkvæmdastjórninni sé heimilt, á grundvelli málsmeðferðar nefndarinnar, að svipta stofnun viðurkenningu í takmarkaðan tíma ef frammistöðu hennar, að því er varðar öryggisráðstafanir og mengunarvarnir, hefur hrakað og hún hefur ekki gert viðeigandi ráðstafanir til úrbóta.
- 14) Í samræmi við framangreinda aðferð, sem tíðkast alls staðar í bandalaginu, skal ákvörðun um að svipta stofnun viðurkenningu tekin á vettvangi bandalagsins og þar af leiðandi af framkvæmdastjórninni á grundvelli málsmeðferðar nefndarinnar ef stofnunin fer ekki að þeim ákvæðum sem mælt er fyrir um í tilskipuninni, þ.m.t. í þeim tilvikum þar sem öryggisráðstöfunum og mengunarvörnum er orðið áfátt.
- 15) Þar eð tilskipun 94/57/EB tryggir frelsi til að veita þjónustu í bandalaginu ætti bandalagið að hafa rétt til þess að semja við þau þriðju lönd, þar sem einhverjar af viðurkenndu stofnunum hafa aðsetur, um jafngilda meðferð fyrir viðurkenndar stofnanir innan bandalagsins.
- 16) Fjölbreytilegt fyrirkomulag fébótaábyrgðar meðal stofnana, sem starfa fyrir hönd aðildarríkjanna, veldur erfðleikum við rétta framkvæmd tilskipunar 94/57/EB. Til að stuðla að lausn þessa vandamáls er við hæfi að koma á einhverri samræmingu, á vettvangi bandalagsins, á þeirri bótaábyrgð sem kann að skapast af óhappi sem viðurkennd stofnun er völd að samkvæmt úrskurði dómstóls, þ.m.t. með því að beita gerðardómi við lausn deilumála.
- 17) Nauðsynlegar ráðstafanir til að koma tilskipun 94/57/EB í framkvæmd skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið (<sup>1</sup>).
- 18) Þar eð gagnsæi upplýsinga og upplýsingaskipti hagsmunaaðila, svo og aðgangur almennings að upplýsingum, eru meðal mikilvægustu leiða til að koma í veg fyrir sjóslys ber viðurkenndum stofnunum að láta eftirlitsyfirvöldum hafnarríkis í té allar viðeigandi, lögboðnar upplýsingar og gera þær aðgengilegar almenningi.
- 19) Í því skyni að koma í veg fyrir að skip skipti um flokk til þess að komast hjá nauðsynlegum viðgerðum skulu viðurkenndar stofnanir skiptast á öllum viðeigandi upplýsingum um skip sem skipta um flokk.
- 20) Stofnun skal ekki stjórnað af skipaeigendum eða aðilum í skipasmíðum eða af öðrum sem hafa viðskiptalegra hagsmuna að gæta varðandi framleiðslu, útbúnað, viðgerð eða rekstur skipa. Stofnunin skal ekki vera um of háð neinu einstöku atvinnufyrirtæki um öflun tekna. Þegar flokkunarfélög og skoðunarmenn þeirra leggja fram beiðni um viðurkenningu skulu þeir skuldbinda sig skriflega sem einstaklingar að taka ekki að sér lögboðin störf í þeim tilvikum þar sem búast má við hagsmunaárekstrum, þ.e. þegar þeir eru eigendur eða útgerðaraðilar skipsins sem skoða skal eða þegar um er að ræða viðskipta-, persónu- eða fjölskyldutengsl við eigendur eða útgerðaraðila skipsins.
- 21) Meðal efnislegra viðmiðana, sem tæknistofnanir þurfa að uppfylla til að verða viðurkenndar á vettvangi bandalagsins og til að halda slíkri viðurkenningu, skulu vera ákvæði til að tryggja að einungis sérstakir skoðunarmenn fái heimild til að annast eftirlit og skoðanir sem krafist er í alþjóðasamþykktum þ.e. lögboðin verkefni sem tengjast útgáfu viðeigandi öryggisskírteina. Þessar stofnanir verða að hafa góða stjórn á öllu starfslíði sínu og skrifstofum, þ.m.t. á öllum útibúum og skrifstofum innan og utan bandalagsins og þær verða sjálfar að setja sér markmið að því er varðar öryggi og mengunarvarnir og skilgreina vísbendingar um árangur. Framangreindar stofnanir skulu koma á kerfi til að meta gæði þjónustu sinnar.
- 22) Breyta ber tilskipun 94/57/EB til samræmis við þetta.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*I. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 94/57/EB:

1. Í stað b-, c-, d-, i- og j- liða í 2. gr. komi eftirfarandi:

„b) „skip sem siglir undir fána aðildarríkis“: skip sem er skráð í aðildarríki og siglir undir fána þess í samræmi við lög þess. Skip, sem þessi skilgreining á ekki við um, teljast vera skip sem sigla undir fána þriðja lands;

c) „skoðanir og eftirlit“: skoðanir og eftirlit sem skylt er að framkvæma samkvæmt alþjóðasamningunum;

(<sup>1</sup>) Stjútíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

- d) „alþjóðasamningar“: alþjóðasamningurinn um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS), alþjóðasamningur um hleðslumerki skipa frá 1966 og alþjóðasamningur (1973/78) um varnir gegn mengun frá skipum svo og bókanir og breytingar við þá, ásamt reglum sem tengjast þeim og eru bindandi í öllum aðildarríkjunum og í gildi 19. desember 2001;
- i) „flokknarskírteini“: skjal sem gefið er út af flokkunarfélagi til marks um að smíði skips og vélbúnaður þess til tiltekinnar nota eða reksturs sé í samræmi við ákvæði og reglur sem flokkunarfélagið hefur mælt fyrir um og birt opinberlega;
- j) „öryggisskírteini fyrir fjarskiptabúnað flutninga-skipa“: skírteini sem kveðið er á um í breyttum alþjóðareglum um þráðlaus fjarskipti samkvæmt samningnum um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS 74/78), samþykktum af Alþjóðasiglingamálastofnuninni;“.
2. Eftirfarandi bætist við í lok 1. mgr. 3. gr.:

„Aðildarríkin skulu fara eftir viðeigandi ákvæðum viðauka og viðbættis ályktunar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.847(20) um viðmiðunarreglur til að aðstoða fánaríki við framkvæmd löggæringa Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.“

3. Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.

1. Aðildarríki, sem sækjast eftir að veita stofnun, sem enn hefur ekki verið viðurkennd, leyfi, skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina beiðni um viðurkenningu ásamt ítarlegum upplýsingum og gögnum þess efnis að farið sé að kröfunum sem mælt er fyrir um í viðaukanum, svo og upplýsingum um þá kröfu og þá skuldbindingu að stofnunin fari að ákvæðum 2., 4. og 5. mgr. 15. gr. Framkvæmdastjórnin skal, ásamt viðkomandi aðildarríkjunum sem leggja fram beiðnina, sjá um að meta stofnanirnar sem hún hefur fengið umsókn um viðurkenningu fyrir, til þess að sannreyna að stofnanirnar uppfylli og skuldbindi sig til að fara að framangreindum kröfum. Ákvörðun um viðurkenningu skal tekin með hliðsjón af frammistöðu stofnunarinnar að því er varðar öryggi og mengunarvarnir sem um getur í 9. gr. Framkvæmdastjórnin skal veita viðurkenninguna í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 7. gr.

2. Aðildarríkin mega leggja fyrir framkvæmdastjórnina sérstakar óskir um takmarkaða viðurkenningu til þriggja ára fyrir stofnanir sem uppfylla allar kröfurnar í viðaukanum nema þær sem mælt er fyrir um í 2. og 3. lið. í A-hluta. Sama málsmeðferðin og um getur í 1. mgr. á við um þessar sérstöku óskir með þeirri undantekningu þó að þegar framkvæmdastjórnin metur, ásamt viðkomandi aðildarríki, hvort farið hafi verið að kröfunum í viðaukanum, þá er átt við allar kröfurnar í viðaukanum nema þær sem mælt er fyrir um í 2. og 3. lið í A-hluta.

Áhrif þessarar takmörkuðu viðurkenningar skulu algerlega takmarkast við það aðildarríki sem hefur óskað eftir slíkri viðurkenningu.

3. Allar stofnanirnar, sem hljóta viðurkenningu, skulu sæta nánú eftirliti nefndarinnar sem komið er á fót skv. 7. gr., einkum þær sem um getur í 2. mgr. hér að framan, með hugsanlegar ákvarðanir um framlengingu viðurkenningar stofnunar í huga. Að því er þessar síðarnefndu stofnanir varðar skal þegar tekin er ákvörðun um framlengingu slíkrar viðurkenningar ekki taka tillit til krafanna í 2. og 3. lið í A-hluta viðaukans heldur skal taka tillit til frammistöðu eða skilvirkni stofnunarinnar að því er varðar öryggi og mengunarvarnir sem um getur í 2. mgr. 9. gr. Öllum ákvörðunum um framlengingu takmarkaðrar viðurkenningar skal fylgja tilgreining þess með hvaða skilyrðum, ef einhver eru, skal leyfa slíka framlengingu.

4. Framkvæmdastjórnin skal vinna og uppfæra skrá yfir stofnanirnar sem viðurkenndar eru í samræmi við 1., 2. og 3. mgr. Skráin skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. Stofnanir, sem hafa öðlast viðurkenningu 22. janúar 2002 á grundvelli þessarar tilskipunar, skulu vera viðurkenndar áfram. Engu að síður skal slíkum stofnunum gert að fara að hinum nýju ákvæðum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og skal fylgjast með því að farið sé að þeim við fyrsta matið sem um getur í 11. gr.“

4. Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Við beitingu 2. mgr. 3. gr. skulu aðildarríkin að meginreglu til ekki synja þeim viðurkenndu stofnunum, sem staðsettar eru í bandalaginu, um leyfi til að sinna slíkum hlutverkum, að teknu tilliti til ákvæðanna í 3. mgr., svo og 6. og 11. gr. Þó mega þau takmarka fjölda stofnana, sem þau veita leyfi, við þá þörf sem er fyrir hendi, að því tilskildu að það sé gert með gagnsæjum og hlutlægum hætti. Að beiðni aðildarríkis skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 7. gr., samþykkja viðeigandi ráðstafanir.“

- b) 2. mgr. falli niður.

- c) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Til þess að aðildarríki geti samþykkt að stofnun, sem er í þriðja ríki, fái að gegna þeim skyldum sem um getur í 3. gr. eða hluta af þeim má það óska eftir því að hlutaðeigandi ríki veiti þeim viðurkenndu stofnunum, sem staðsettar eru í bandalaginu, gagnkvæma viðurkenningu. Enn fremur má bandalagið óska eftir því að hlutaðeigandi þriðja ríki veiti þeim viðurkenndu stofnunum, sem eru í bandalaginu, gagnkvæma viðurkenningu.“

## 5. Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

## a) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Fyrirkomulag samvinnunnar skal byggjast á formlegum, skriflegum samningi á jafnréttisgrundvelli eða á sambærilegu, lögbundnu fyrirkomulagi þar sem kveðið er á um þær sértæku skyldur og þau hlutverk sem stofnunin hefur með höndum og sem fela að minnsta kosti í sér:

a) ákvæði II. viðbætis ályktunar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A. 739 (18) um viðmiðunarreglur um leyfisveitingar fyrir stofnanir sem starfa fyrir hönd yfirvalda en jafnframt skal taka mið af viðauka, viðbætum og fylgiskjali IMO MSC/umburðarbréf 710 og MEPC/umburðarbréf 307 um fyrirmynd að samkomulagi um leyfisveitingar fyrir stofnanir sem starfa á vegum yfirvalda;

b) eftirfarandi ákvæði varðandi fjárskuldbindingar:

i) ef yfirvöld eru endanlega og afdráttarlaust dæmd samkvæmt úrskurði dómstóls til að bera bótaábyrgð sökum óhapps eða ef gerðardómi er beitt sem lið í lausn deilumáls og auk þess gerð krafa um bætur til tjónþola sökum taps, eignatjóns, líkamstjóns eða mannláts sem sýnt hefur verið fram á fyrir dómstólnum að rekja megi til vísvitandi athæfis, vanrækslu eða vítaverðs gáleysis af hálfu viðurkenndu stofnunarinnar eða aðila, starfsmanna, fulltrúa eða annarra sem starfa fyrir hennar hönd skulu yfirvöldin eiga kröfu á hendur viðurkenndu stofnuninni um fébætur að svo miklu leyti sem viðurkennda stofnunin er, samkvæmt úrskurði dómstólsins, völd að framangreindu tapi, tjóni, líkamstjóni eða mannláti;

ii) ef yfirvöld eru endanlega og afdráttarlaust dæmd samkvæmt úrskurði dómstóls til að bera bótaábyrgð sökum óhapps eða ef gerðardómi er beitt sem lið í lausn deilumáls og auk þess gerð krafa um bætur til tjónþola sökum líkamstjóns eða mannláts sem sýnt hefur verið fram á fyrir dómstólnum að rekja megi til hvers konar gáleysis, glæfralegs athæfis, eða vanrækslu af hálfu viðurkenndu stofnunarinnar, starfsmanna hennar, fulltrúa eða annarra sem starfa fyrir hennar hönd skulu yfirvöldin eiga kröfu á hendur viðurkenndu stofnuninni um fébætur að svo miklu leyti sem viðurkennda stofnunin er, samkvæmt úrskurði dómstólsins, völd að framangreindum líkamstjóni eða mannláti; aðildarríkjum er heimilt að takmarka þá fjárhæð sem viðurkenndu stofnuninni ber að greiða en fjárhæðin skal þó nema a.m.k. 4 milljónum evra;

iii) ef yfirvöld eru endanlega og afdráttarlaust dæmd samkvæmt úrskurði dómstóls til að bera bótaábyrgð sökum óhapps eða ef gerðardómi er beitt sem lið í lausn deilumáls

og auk þess gerð krafa um bætur til tjónþola sökum taps eða eignatjóns, sem sýnt hefur verið fram á fyrir dómstólnum að rekja megi til hvers konar gáleysis, glæfralegs athæfis, eða vanrækslu af hálfu viðurkenndu stofnunarinnar eða starfsmanna hennar, fulltrúa eða annarra sem starfa fyrir hennar hönd skulu yfirvöldin eiga kröfu á hendur viðurkenndu stofnuninni um fébætur að svo miklu leyti sem viðurkennda stofnunin er, samkvæmt úrskurði dómstólsins, völd að framangreindu tapi eða tjóni; aðildarríkjum er heimilt að takmarka þá fjárhæð sem viðurkenndu stofnuninni ber að greiða en fjárhæðin skal þó nema a.m.k. tveimur milljónum evra;

c) ákvæði um reglulega úttekt yfirvalda eða óhlutdrægra, utanaðkomandi aðila, sem yfirvöld skipa, á þeim störfum sem stofnanir sinna á vegum þeirra eins og um getur í 1. mgr. 11. gr.;

d) möguleika á að hægt sé að framkvæma nákvæmar slembiúrtaksskoðanir á skipum;

e) ákvæði um að tilkynna mikilvægar upplýsingar um flokkaðan flota þeirra, breytingar, niðurfellingar og útstrikun skipa úr flokki sem um getur í 3. mgr. 15. gr.“

## b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„5. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 22. júlí 2006, gefa Evrópuþinginu og ráðinu matskýrslu um efnahagsleg áhrif þess fyrirkomulags bótaábyrgðar, sem kveðið er á um í þessari grein, á hlutaðeigandi aðila og þó einkum um afleiðingar þess að því er varðar stöðugleika í fjármálum viðurkenndra stofnana.

Þessi skýrsla skal gerð í samvinnu við lögbær yfirvöld í aðildarríkjum og hlutaðeigandi aðila, einkum viðurkenndar stofnanir/flokkunarfélög. Í ljósi þessa mats skal framkvæmdastjórnin, ef nauðsyn krefur, leggja fram tillögu um breytingu á þessari tilskipun þar sem nánar yrði vikið að meginreglunni um bótaábyrgð og hámark bótaábyrgðar.“

## 6. Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„7. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar skulu 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda, að teknu tilliti til ákvæða 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.“

## 7. Í stað 1. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

„1. Þessari tilskipun má breyta, án þess að gildissvið hennar sé víkkað út, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 7. gr., í því skyni að:

— beita, að því er varðar þessa tilskipun, síðari breytingum á alþjóðareglum, bókunum og ályktunum þar að lútandi, sem um getur í d-lið 2. gr., 1. mgr. 3. gr., og 2. mgr. 6. gr. og sem hafa öðlast gildi,

— uppfæra viðmiðanirnar í viðaukanum, einkum að teknu tilliti til viðeigandi ákvarðana Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar,

— breyta fjárhæðunum sem tilgreindar eru í ii- og iii-lið b-liðar 2. mgr. 6. gr.“

## 8. Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„9. gr.

1. Afturkalla skal viðurkenningu þeirra viðurkenndu stofnana sem um getur í 4. gr. ef þær uppfylla ekki lengur kröfurnar sem mælt er fyrir um í viðaukanum eða ef frammistaða þeirra, að því er varðar öryggi og mengunarvarnir, uppfyllir ekki kröfurnar sem um getur í 2. mgr. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun um afturköllun viðurkenningar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 7. gr. eftir að hlutaðeigandi stofnun hefur fengið tækifæri til að leggja fram athugasemdir.

2. Við gerð draga að ákvörðun sem tengist þeirri afturköllun viðurkenningar, sem um getur í 1. mgr., skal framkvæmdastjórnin taka mið af niðurstöðum matsins á viðurkenndu stofnunum sem um getur í 11. gr., svo og af frammistöðu stofnananna að því er varðar öryggi og mengunarvarnir, sem skal metin með tilliti til allra skipa sem stofnunin hefur flokkað, óháð því undir hvaða fána þau sigla.

Matsskýrslur um frammistöðu stofnana, að því er varðar öryggi og mengunarvarnir, skulu unnar úr gögnum sem byggjast á Parísarsamkomulaginu um hafnarríkiseftirlit og/eða á hliðstæðum kerfum. Einnig má styðjast við greiningu á sjóslysum þar sem við sögu koma skip sem viðurkenndu stofnanirnar hafa flokkað.

Einnig skulu þær skýrslur, sem aðildarríkin taka saman á grundvelli 12. gr., teknar til greina við mat á frammistöðu stofnana að því er varðar öryggi og mengunarvarnir.

Nefndin, sem komið er á fót skv. 7. gr., skal setja viðmiðanir sem styðjast skal við þegar skera þarf úr um það, á grundvelli upplýsinganna sem um getur í þessari málsgrein, hvenær frammistaða stofnunar, sem starfar fyrir hönd fánaríkis, geti talist stofna öryggi og umhverfinu í óviðunandi hættu.

Að eigin frumkvæði eða að ósk aðildarríkis skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir nefndina drög að ákvörðunum sem tengjast afturköllun viðurkenningar sem um getur í 1. mgr.“

## 9. Í stað 10. gr. komi eftirfarandi:

„10. gr.

1. Þrátt fyrir viðmiðanirnar, sem tilgreindar eru í viðaukanum, getur aðildarríki ákveðið að fella úr gildi viðurkenningu ef það telur að viðurkennd stofnun eigi ekki lengur að hafa leyfi til að framkvæma fyrir þess hönd þau verkefni sem tilgreind eru í 3. gr. og skal eftirfarandi málsmeðferð gilda:

a) aðildarríkið skal tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um ákvörðun sína án tafar og gefa rökstuddar ástæður fyrir henni;

b) framkvæmdastjórnin skal rannsaka hvort tímabundin svipting sé réttlæt看anleg sökum þess að alvarleg hættu steðji að öryggi eða umhverfi;

c) í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 7. gr., skal framkvæmdastjórnin tilkynna aðildarríkinu hvort ákvörðun þess um sviptingu viðurkenningar sé réttlæt看anleg eða ekki vegna alvarlegrar ógnar við öryggi eða umhverfi og, sé hún ekki réttlæt看anleg, skal hún óska eftir því að aðildarríkið afturkalli sviptinguna.

2. Hvenær sem framkvæmdastjórnin lítur svo á að frammistöðu viðurkenndrar stofnunar, að því er varðar öryggi og mengunarvarnir, hafi hrakað án þess þó að ástæða sé til að afturkalla viðurkenningu hennar samkvæmt viðmiðunum þeim sem um getur í 2. mgr. 9. gr. er framkvæmdastjórninni heimilt að tilkynna það viðurkenndu stofnuninni og fara fram á það við hana að hún gripi til viðeigandi ráðstafana til að bæta frammistöðu sína að því er varðar öryggi og mengunarvarnir og að tilkynna það aðildarríkjunum. Ef framkvæmdastjórnin fær ekki viðunandi svör frá viðurkenndu stofnuninni eða ef framkvæmdastjórnin telur að ráðstafanirnar, sem viðurkennda stofnunin hefur gripið til, hafi ekki bætt frammistöðu hennar að því er varðar öryggi og mengunarvarnir er framkvæmdastjórninni heimilt að afturkalla viðurkenningu stofnunarinnar í eitt ár í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 7. gr. eftir að stofnun hefur fengið tækifæri til að leggja fram athugasemdir sínar. Á umræddu tímabili fær viðurkennda stofnunin ekki leyfi til að gefa út eða endurnýja skírteini til skipa sem sigla undir fána aðildarríkja en skírteini, sem stofnunin hefur áður gefið út eða endurnýjað, gilda þó áfram.

3. Málsmeðferðin, sem um getur í 2. mgr., gildir einnig hafi framkvæmdastjórnin sönnunargögn þess efnis að viðurkennd stofnun fari ekki að ákvæðum 3., 4., eða 5. mgr. 15. gr.

4. Þegar eitt ár er liðið frá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um að svipta stofnun viðurkenningu skal framkvæmdastjórnin meta hvort bætt hafi verið úr ágöllum þeim sem um getur í 2. og 3. mgr. og voru tilefni sviptingarinnar. Ef slíkir ágallar eru enn til staðar skal afturkalla viðurkenningu í samræmi við málsmeðferðina í 2. mgr. 7. gr.“

## 10. Í stað 11. gr. komi eftirfarandi:

„11. gr.

1. Hvert aðildarríki skal ganga úr skugga um að viðurkenndar stofnanir, sem starfa á þeirra vegum í skilningi 2. mgr. 3. gr., inni af hendi þau hlutverk sem um getur í þeirri grein í samræmi við kröfur lögbærra yfirvalda þeirra.

2. Hvert aðildarríki skal sinna þessum verkefnum á a.m.k. tveggja ára fresti og skila aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni skýrslu um niðurstöður þessa eftirlits eigi síðar en 31. mars árið eftir að eftirlitstímabilinu lýkur.

3. Framkvæmdastjórnin skal, ásamt aðildarríkinu sem lagði fram viðkomandi beiðni um viðurkenningu, meta allar viðurkenndu stofnanirnar reglulega og á a.m.k. tveggja ára fresti til að sannreyna að þær uppfylli viðmiðanirnar í viðaukanum. Við val á stofnunum, sem fyrirhugað er að meta, skal framkvæmdastjórnin einkum og sér í lagi huga að frammistöðu stofnunarinnar að því er varðar öryggi og mengunarvarnir, að gögnum um slys og að skýrslum sem aðildarríki leggja fram í samræmi við 12. gr. Hluti af matinu getur verið vitjun í svæðisútibú stofnunarinnar auk slembskoðunar á skipum í því skyni að gera úttekt á frammistöðu stofnunarinnar. Í slíku tilvikum skal framkvæmdastjórnin, ef við á, gera aðildarríkjunum grein fyrir því hvar útibúin eru. Framkvæmdastjórnin skal láta aðildarríkjunum í té skýrslu um niðurstöður matsins.

4. Hver viðurkennd stofnun skal sjá til þess að ár hvert séu niðurstöður endurskoðunar hennar á stjórn gæðakerfisins aðgengilegar nefndinni sem komið er á fót skv. 7. gr.“

## 11. Í stað 12. gr. komi eftirfarandi:

„12. gr.

Í tengslum við skoðunarrétt sinn og skyldur sem hafnaríki skulu aðildarríki tilkynna framkvæmda-stjórninni og öðrum aðildarríkjum ef þau komast að því að stofnanir, sem starfa fyrir hönd fánaríkis, gefa út gild skírteini til handa skipi sem uppfyllir ekki viðeigandi kröfur alþjóðasamninganna eða í hvert sinn sem kemur í ljós að skip með gilt flokkunarskírteini uppfyllir ekki þær kröfur sem því ber samkvæmt því skírteini. Að því er þessa grein snertir skal eingöngu tilkynnt um skip sem stofna öryggi og umhverfi í alvarlega hættu eða þar sem vísbendingar eru fyrir hendi um mikla vanrækslu af hálfu stofnananna. Gera skal viðurkenndu stofnuninni, sem í hlut á, grein fyrir slíku þegar upphafleg skoðun fer fram svo að hún geti þegar í stað gripið til viðeigandi ráðstafana í framhaldi af því.“

## 12. 13. gr. falli niður.

## 13. Í lok 2. mgr. 14. gr. komi 2. mgr. 7. gr í stað tilvísunar í 13. gr.

## 14. Ákvæðum 15. gr. er breytt sem hér segir:

## a) í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Viðurkenndar stofnanir skulu ráðfæra sig hver við aðra með jöfnu millibili í því skyni að tæknilegir staðlar þeirra séu ávallt jafngildir svo og framkvæmd þeirra, í samræmi við ákvæði ályktunar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.847(20) um viðmiðunarreglur um aðstoð við fánaríki við framkvæmd löggæringa Alþjóðasiglingamála-stofnunarinnar. Þær skulu reglulega senda framkvæmdastjórninni skýrslur um mikilvægar framfarir á sviði staðla.“;

## b) í stað 3. og 4. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Viðurkenndar stofnanir skulu útvega yfirvöldum aðildarríkjanna, sem veitt hafa einhver þau leyfi sem kveðið er á um í 3. gr., svo og framkvæmdastjórninni, allar viðeigandi upplýsingar um flokkaðan flota þeirra, tilfærslur milli stofnana, breytingar, niðurfellingar og útstrikun skipa úr flokki, óháð því undir hvaða fána þau sigla. Upplýsingar um tilfærslur milli stofnana, breytingar, niðurfellingar og útstrikun skipa úr flokki, þ.m.t. upplýsingar um allar óafgreiddar skoðanir og tilmæli, flokkunarskilyrði, skilyrði fyrir rekstri eða takmarkanir á honum, sem gefin eru út fyrir skip sem þær hafa flokkað, skulu – óháð því undir hvaða fána skipin sigla – sendar Sirenac-upplýsingakerfinu og birtar á vefsíðum þessara viðurkenndu stofnana ef slíkar vefsíður eru fyrir hendi.

4. Viðurkenndar stofnanir skulu ekki gefa út skírteini fyrir skip sem hefur verið strikað út úr flokki eða þar sem flokknum hefur verið breytt af öryggisástæðum, óháð því undir hvaða fána þau sigla, fyrr en lögbærum yfirvöldum fánaríkisins hefur gefist hæfilegur frestur til að skila álitu sínu svo að unnt sé að ákveða hvort nauðsynlegt sé að krefjast allhliða skoðunar.“;

## c) eftirfarandi málsgrein bættist við:

„5. Við tilfærslu skips frá einni stofnun til annarrar skal sú stofnun, sem lætur skipið af hendi, m.ö.o. víkjandi stofnun, upplýsa stofnunina, sem tekur við skipinu, um allar skoðanir og tilmæli, sem dregist hefur að sinna og komin eru fram yfir tímann, um flokkunarskilyrði, skilyrði fyrir rekstri eða takmarkanir á honum sem gefin eru út fyrir skipið. Við tilfærslu skal víkjandi stofnunin láta viðtöku-stofnuninni í té heildarferilsskrá skipsins. Viðtöku-stofnunin getur þá fyrst gefið út skírteini fyrir skipið þegar öllum skoðunum, sem eru á eftir áætlun, er lokið og öll tilmæli eða flokkunarskilyrði, sem gefin hafa verið út fyrir skipið en eru komin fram yfir tímann, eru afgreidd með þeim hætti sem víkjandi stofnun mælir fyrir um. Áður en skírteinin eru gefin út skal viðtökustofnunin gera víkjandi stofnuninni

grein fyrir dagsetningu útgáfu skirteinanna og staðfesta hvenær, hvar og til hvaða aðgerða verður gripið til að afgangi skoðunar, tilmæli og flokkunarskýrði sem dregist hefur að sinna. Viðurkenndu stofnanirnar skulu vinna saman að því að koma ákvæðum þessarar málsgreinar í framkvæmd með viðeigandi hætti.“

15. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 16. gr.:

„4. Auk þess skal framkvæmdastjórnin gera Evrópuþinginu og ráðinu reglulega grein fyrir því hvernig framkvæmd þessarar tilskipunar miðar innan aðildarríkjanna.“

16. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðaukanum við tilskipunina:

a) í stað A-þáttar komi eftirfarandi:

„A. ALMENNAR LÁGMARKSVIÐMIÐANIR

1. Viðurkennd stofnun skal geta sýnt fram á viðtæka reynslu við að leggja mat á hönnun og smíði kaupskipa.
2. Stofnunin skal hafa í sínum flokki flota sem samanstendur a.m.k. af 1 000 sjógengum skipum (yfir 100 brúttórúmllestir) sem að samlagðri stærð er ekki undir 5 milljónum brúttórúmlresta.
3. Stofnunin skal ráða tæknimenn á fólk í réttu hlutfalli við fjölda flokkaðra skipa. Nauðsynlegt er að ráða að minnsta kosti 100 sérstaka skoðunarmenn í fullt starf til að uppfylla kröfur í 2. mgr.
4. Stofnunin skal setja sér alhliða reglur og reglugerðir um hönnun, smíði og reglubundið eftirlit með kaupskipum sem skulu birtar og uppfærðar reglulega og endurbættar með rannsóknar- og þróunaráætlunum.
5. Stofnunin skal ár hvert gefa út skipaskrá sína eða geyma hana í rafrænum gagnagrunni sem er aðgengilegur almenningi.
6. Stofnuninni skal ekki stjórnað af skipa-eigendum eða aðilum í skipasmiðum eða af öðrum sem eiga viðskiptalegra hagsmuna að gæta varðandi framleiðslu, útbúnað, viðgerð eða rekstur skipa. Ekki er leyfilegt að stofnunin sé að verulegu leyti háð einstöku atvinnufyrirtæki um öflun tekna. Viðurkennda stofnunin má ekki framkvæma lögboðin verk ef hún er sjálf eigandi eða útgerðaraðili skipsins sem skoða skal eða þegar um er að ræða viðskipta-, persónu- eða fjölskyldutengsl við eigendur eða útgerð skipsins. Þessi vanhæfisregla gildir einnig um þá skoðunarmenn sem viðurkennda stofnunin hefur ráðið til starfa.
7. Stofnunin skal starfa í samræmi við ákvæði viðaukans við ályktun Alþjóðasiglingamála-stofnunarinnar A.789(19) um forskriftir að því er varðar eftirlits- og vottunarhlutverk viðurkenndra stofnana, sem starfa á vegum stjórnvalda, að því marki sem þær fjalla um málefni sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.“

b) B-þáttur:

i) eftirfarandi komi í stað fyrirsagnarinnar:

„B. SÉRSTAKAR LÁGMARKSVIÐMIÐANIR:

ii) í stað 4., 5., 6., 7. og 9. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Stofnunin skal vera reiðubúin að útvega yfirvöldum, framkvæmdastjórninni og hagsmunaaðilum allar viðeigandi upplýsingar.

5. Stjórn stofnunarinnar hefur skilgreint og skráð stefnu sína, markmið og skuldbindingar að í gæðamálum og hefur tryggt að inntak stefnunnar sé skilið, hún sé framkvæmd og henni viðhaldið á öllum stigum innan stofnunarinnar. Í stefnu stofnunarinnar skal fjallað um markmið, að því er varðar öryggi og mengunarvarmir, og um vísbendingar um árangur.

6. Stofnunin hefur þróað, framkvæmt og viðheldur áhrifaríku innra eftirlitskerfi sem byggist á viðeigandi alþjóðlega viðurkenndum gæða-stöðlum í samræmi við EN 45004 (skoðunaraðilar) og EN 29001, eins og það er túlkað í kröfum um gæðavottunarkerfi Alþjóðasambands flokkunarfélaga (IACS) og tryggir m.a.:

- a) að reglur og reglugerðir stofnunarinnar séu settar og þeim viðhaldið á kerfisbundinn hátt;
- b) að farið sé að reglum og reglugerðum stofnunarinnar og innra kerfi komið á til að meta gæði þjónustunnar með tilliti til þessara reglna og reglugerða;
- c) að kröfur, sem gerðar eru til lögboðins starfs sem stofnuninni er heimilt að sinna, séu uppfylltar og innra kerfi komið á til að meta gæði þjónustunnar með tilliti til þess hvort hún uppfylli alþjóðasamninga;
- d) að ábyrgðir, heimildir og innbyrðis tengsl meðal starfslíðs sem vinnur starf, sem hefur áhrif á gæði þjónustu stofnunarinnar, séu skilgreind og skráð;
- e) að öll vinna fari fram undir eftirliti;
- f) að komið verði á fót eftirlitskerfi sem hefur eftirlit með aðgerðum og starfi sem skipaskoðunarmenn, tæknimenn og starfslíð stjórnsýslunnar, sem er ráðið milliliðalaust af stofnuninni, sinnir;
- g) að lögboðin störf, sem stofnuninni er heimilt að sinna, annist eingöngu sérstakir skoðunarmönnum stofnunarinnar eða sérstakir skoðunarmenn annarra viðurkenndra stofnana; í öllum tilvikum skulu þessir sérstök skoðunarmenn hafa til að bera yfirgripsmikla þekkingu á þeirri tilteknu gerð skipa sem er viðfangsefni lögboðinna starfa þeirra að því er varðar þá tilteknu skoðun sem framkvæma skal, sem og á viðeigandi, gildandi kröfum;

- h) að komið verði á hæfismatskerfi fyrir skipaskoðunarmenn og séð til þess að þeir búi ávallt yfir nýjustu þekkingu;
- i) að færð sé skrá sem sýnir að staðlar séu uppfylltir vegna þeirra liða sem varða þjónustuna sem innt er af hendi og að gæðakerfið sé skilvirkt;
- j) að fyrir hendi sé heildarkerfi yfir innra gæðaeftirlit, bæði áætlað og skráð, í öllum deildum stofnunarinnar;
- k) að lögboðið eftirlit og skoðanir, sem krafist er samkvæmt samræmdu skoðunar- og vottunarkerfi sem stofnunin hefur heimild til að vinna eftir, séu framkvæmdar í samræmi við ákvæðið í viðaukanum og viðbætinum við ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.746(18) um viðmiðunarreglur um skoðun samkvæmt samræmdu skoðunar- og vottunarkerfi;
- l) að komið verði á skýrri skiptingu ábyrgðar og beinum boðleiðum stjórnunar milli aðal- og svæðisskrifstofa félagsins og milli viðurkenndu stofnunarinnar og skoðunarmanna á hennar vegum.

7. Stofnunin skal sýna fram á getu til að:

- a) þróa og uppfæra ítarlegar og fullnægjandi reglur og reglugerðir um bol, vél-, raf- og stjórnbúnað af sömu gæðum og alþjóðlega viðurkenndir tæknistaðlar sem útgáfa öryggisskírteina SOLAS (að því er varðar smíði skipsins og nauðsynlegan vélbúnað um borð í skipinu), öryggisskírteinis fyrir farþegaskip og hleðslumerkjaskírteinis byggist á;
- b) sinna öllu eftirliti og skoðunum sem krafist er samkvæmt alþjóðlegum samningum að því er varðar útgáfu skírteina, þ.m.t. að fagmenntaðir starfsmenn meti framkvæmd og viðhald öryggis-stjórnunarkerfisins, bæði í landi og um borð í

skipum, sem ætlunin er að fjallað verði um í viðkomandi skírteinum, í samræmi við ákvæði viðaukans við ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A 788(19) um viðmiðunarreglur um beitingu yfirvalda á alþjóðareglum um öryggisstjórnun (ISM).“;

„9. Stofnunin skal leyfa fulltrúum yfirvalda og öðrum hlutaðeigandi aðilum að taka þátt í þróun reglna og reglugerða.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 22. júlí 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvisun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvisun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvisun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. desember 2001.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

N. FONTAINE

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

A. NEYTS-UYTTEBROECK

*forseti.*